

1944 nr. 34 17. júní

[Lög um þjóðfána Íslendinga og ríkis-skjaldarmerkið]¹⁾

¹⁾ L. 67/1998, 13. gr.

Tóku gildi 24. ágúst 1944. Breytt með l. 67/1998 (tóku gildi 24. júní 1998), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **forsætisráðherra** eða **forsætisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Hinn almenni þjóðfáni Íslendinga er heiðblár með mjallhvítum krossi og eldrauðum krossi innan í hvíta krossinum. Armar krossanna ná alveg út í jaðra fánans, og er breidd þeirra $\frac{2}{9}$, en rauða krossins $\frac{1}{9}$ af fánabreiddinni. Bláu reitirnir eru rétthyrndir ferhyrningar: stangarreitirnir jafnhliða og ytri reitirnir jafnbreiddir þeim, en helmingi lengri. Hlutfallið milli breiddar fánans og lengdar er 18:25.

■ **2. gr.** Ríkisstjórn, Alþingi og aðrar opinberar stofnanir svo og fulltrúar [þess ráðuneytis er fer með utanríkismál]¹⁾ erlendis skulu nota þjóðfánann klofinn að framan: tjúgufána.

□ Tjúgufáninn er að því leyti frábrugðinn hinum almenna þjóðfána, að ytri reitir hans eru þrefalt lengri en stangarreitirnir og klauf upp í hann að framan, skorin eftir beinum línunum, dregnum frá ytri hornum fánans inn að miðlínu hans. Línur þessar skera innjaðra ytri reitanna, þar sem saman koma $\frac{4}{7}$ ytri og $\frac{3}{7}$ innri hlutar lengdar þeirra. Þar, sem línur þessar nema við arm rauða krossins, er hann þverskorinn.

□ [Tollgæslufáni er tjúgufáni með silfurlitu upphafstéi (T) í efra stangarreit miðjum.]²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 20. gr. ²⁾ L. 67/1998, 1. gr.

■ **3. gr.** [Fáni forseta Íslands er hinn íslenski tjúgufáni, en í honum, þar sem armar krossmarksins mætast, skjaldarmerki Íslands og skjaldberar í hvítum, ferhyrnum reit.]¹⁾

¹⁾ L. 67/1998, 2. gr.

■ **4. gr.** Engin önnur merki en þau, er greinir í 2. og 3. gr., má nota í þjóðfánum.

■ **5. gr.** Tjúgufánann má aðeins nota á húsum og við hús, sem notuð eru að öllu eða mestu leyti í þágu ríkis eða ríkisstofnana, nema um sé að ræða heimili eða embættisskrifstofu fulltrúa [þess ráðuneytis er fer með málefni sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa Íslands erlendis].¹⁾ Þótt hús sé eign ríkis eða ríkisstofnana, má ekki nota tjúgufánann á því, ef leigt er að mestu eða öllu einstökum mönnum eða einkastofnunum. Hins vegar má nota tjúgufánann á húsi, sem er í eign einstakra manna eða einkastofnana, ef ríkið eða ríkisstofnanir hafa húsið á leigu og nota það að öllu eða mestu leyti til sinna þarfa.

□ [Tjúgufánann má aðeins nota á skipum sem eru í eign ríkis eða ríkisstofnana og notuð í þeirra þarfir. Ef ríkið tekur skip á leigu til embættisþarfa (strandgæslu, tollgæslu, pósthlutnings, vitaefirlits, hafnsögu o.s.frv.) má það nota tjúgufánann af þeirri gerð sem við á skv. 2. og 3. gr.]²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 20. gr. ²⁾ L. 67/1998, 3. gr.

■ **6. gr.** Þjóðfánann skal draga að hún á þar til gerðri stöng. Á húsum getur stöngin verið annaðhvort beint upp af þaki hússins eða gengið út frá hlið þess, enda sé stönginni í báðum tilfellum komið fyrir á smekklegan hátt. Enn fremur má nota stöng, sem reist er á jörðu. Á skipum skal stönginni komið fyrir í skut eða á ásenda aftur af því siglutré, sem aftast er. Ef um smáskip eða báta er að ræða, má draga fánann að hún á siglutré, eða aftasta siglutré, ef fleiri eru en eitt.

■ **7. gr.** Með [reglugerð]¹⁾ skal kveða á um fánadaga og hve lengi dags fánanum megi halda við hún.²⁾

¹⁾ L. 67/1998, 4. gr. ²⁾ Forsúrsk. 5/1991.

■ **8. gr.** [Nú rís ágreiningur um rétta notkun þjóðfánans og fer þá um rannsókn málsins að hætti [sakamála],¹⁾ en [ráðuneytið]²⁾ sker úr um ágreininginn.]³⁾

¹⁾ L. 88/2008, 234. gr. ²⁾ L. 126/2011, 20. gr. ³⁾ L. 67/1998, 5. gr.

■ **9. gr.** Sýnishorn af réttum litum og hlutföllum þjóðfánans skal vera til á vissum stöðum, sem [ráðuneytið]¹⁾ ákveður og auglýsir, svo og hjá öllum lögreglustjórum. Bannað er að hafa á boðstólum, selja eða leigja aðra fána en þá, sem gerðir eru með réttum litum og réttum hlutföllum reita og krossa.

¹⁾ L. 126/2011, 20. gr.

■ **10. gr.** Lögreglan skal hafa eftirlit með því, að enginn noti þjóðfána, sem er ekki í samræmi við [ákvæði laga þessara, þar á meðal]¹⁾ sýnishorn þau, er greinir í 9. gr., eða svo upplitaður eða slitinn, að verulega frábrugðinn sé réttum fána um lit og stærðarhlutföll reita. Má gera slíka fána upptæka, ef notaðir eru á stöng eða sýndir úti eða inni, þar sem almenn-ingur getur séð þá.

¹⁾ L. 67/1998, 7. gr.

■ **11. gr.** Lög þessi ná til allra þjóðfána, sem notaðir eru á venjulegan hátt, svo að almenn-ingur eigi kost á að sjá þá úti eða inni, en ekki til skrautfána, borðfána eða því um líkra fána, sem þó skulu jafnan vera gerðir þannig, að réttir séu litir og stærðarhlutföll reita og krossa.

□ [Lög þessi ná jafnframt, eftir því sem við á, til hvers konar skírskotana til eða eftirlíkings af þjóðfánanum, svo sem áprentana og myndvarpana.]¹⁾

¹⁾ L. 67/1998, 8. gr.

■ **12. gr.** Enginn má óvirða þjóðfánann, hvorki í orði né verki.

□ Óheimilt er að nota þjóðfánann sem einkamerki einstaklinga, félaga eða stofnana eða auðkennismerki á aðgöngumíðum, samskotamerkjum eða öðru þess háttar.

□ ...¹⁾

□ [Heimilt er með leyfi [ráðuneytisins]²⁾ að nota fánann í vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vöru eða þjónustu, enda sé starfsemi sú sem í hlut á að gæðum samkvæmt því sem ráðuneytið mælir fyrir með reglugerð og fánanum ekki óvirðing gerð. Óheimilt er að nota fánann í firmamerki.]¹⁾

□ Nú hefur verið skrásett af misgáningi vörumerki, þar sem notaður er þjóðfáninn án heimildar, og skal þá afmá það úr vörumerkjaskrá samkvæmt kröfu [ráðuneytisins].²⁾

□ [Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu vöru af erlendum uppruna ef á þær eða umbúðir þeirra hefur verið sett mynd af íslenska fánanum.]¹⁾

¹⁾ L. 67/1998, 9. gr. ²⁾ L. 126/2011, 20. gr.

■ **[12. gr. a.** Skjaldarmerki Íslands er auðkenni stjórnvalda ríkisins. Notkun ríkisskjaldarmerkisins er þeim einum heimil.]¹⁾

¹⁾ L. 67/1998, 10. gr.

■ **13. gr.** [[Ráðuneytið]¹⁾ setur með reglugerð²⁾ sérstök ákvæði til skýringar ákvæðum laga þessara.]³⁾

¹⁾ L. 126/2011, 20. gr. ²⁾ Leiðbeiningar 222/1966. Augl. 221/1991. ³⁾ L. 67/1998, 11. gr.

■ **14. gr.** Brot gegn 4. og 5. gr. og 1. mgr. 12. gr. varða sektum ...¹⁾ eða fangelsi allt að einu ári.

□ Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara og gegn forsetaúrskurðum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum.

□ ...²⁾

¹⁾ L. 67/1998, 12. gr. ²⁾ L. 88/2008, 234. gr.

ELDDRI ÚTGÁFA